

ját-a so. vb.-a – *kalla*
[-aði]

– hann játaði fyrir rétti

‡ • já « neita

hylja so. vb.-0 – *leggja*
[huldi, huldum, hulið]

– snjórinn huldi jörðina

‡

tín-a so. vb.-i – *heyra*
[-di]

– við ætlum að tína ber

‡

hlið kvk. – *nál*
[-ar, -ar]

– við sátum hlið við hlið

‡

tung-a kvk. – *stofa*
[-u, -ur; [ef.ft.] -na]

– ég beit í tunguna á mér!

‡ • tungumál

útgáf-a kvk. – *stofa*
[-u, -ur; [ef.ft.] -na]

– þetta er þriðja útgáfa bókarinnar

‡ • út, gefa

uppgötv-a so. vb.-a – *kalla*
[-aði]

– ég var að uppgötva nýja búð

‡ • upp

varðveit-a so. vb.-i – *heyra*
[-ti]

– amma varðveitti hringinn fyrir mig

‡ • veita

forstjór-i kk. – *tími*
[-a, -ar]

– hún er forstjóri fyrirtækisins

‡ • stýra, stjórna

ryk hk. et. – *hús*
[-s]

– það er ryk á gömlu húsgögnunum

‡

reikning-ur kk. – *hestur*
[-s, -ar]

– þjónn, get ég fengið reikninginn?

‡ reikningr • reikna

æð kvk. – *nál*
[-ar, -ar]

– hún fékk næringu í æð

‡ æðr

skáp-ur kk. – *hestur*
[-s, -ar]

– hengdu fötin inn í skápinn!

‡

nágrann-i kk. – *tími*
[-a, -ar]

– nýr nágranni er kominn í húsið

‡ • nágrenni, náinn

fyrirmynd kvk. – *mynd*
[-ar, -ir]

– þú ert alveg til fyrirmyndar!

‡ • fyrir, fyrirgefa, fyrirtæki; fyrr, fyrri, fyrrverandi;
fyrst, fyrstur

skyn hk. – *hús*
[-s, -]

– hvað ertu að gefa í skyn?

‡ • skynja